

Stjórnarfundur 8. Maí 2012 kl. 20.00

Á fundinn eru mættir Bragi Egilsson, Egill Bergmann, Jón Ásgeir Einarsson, Vilhjálmur Ólafsson og Þorsteinn Friðriksson.

Fundurinn hófst á því að stjórn skipti með sér verkum og var niðurstaðan þessi.

Egill Bergmann formaður
Bragi Egilsson meðstjórnandi
Jón Ásgeir Einarsson ritari
Vilhjálmur Ólafsson gjaldkeri
Þorsteinn Friðriksson meðstjórnandi

Næsta mál á dagskrá var að skipa í nefndir deildarinnar og gekk það með ágætum .

Önnur mál.

Heimasíða – Gagnagrunnur. Rætt var um hvernig megi bæta síðuna án mikils tilkostnaðar. JAE var falið að kanna það mál. ÞF tilkynnti að hann væri hættur að skrá veiðiprófsárangra í gagnagrunninn og mun Ritnefnd FHD sjá um að skrá í grunninn þar til annað kemur í ljós.

Stigagjöf fyrir stigahæsta hundinn hjá FHD. Á síðasta ári var hugmyndin að endurvinna stigagjöf FHD. Það gekk ekki eftir og var VÓ falið að koma með hugmynd að þeirri töflu.

Verðlaunagripir. Ákveðið var að útbúa skrá yfir verðlaunagripum FHD. Á þetta sértstaklega um farandverðlaun og bikara.

Fundi slitið kl. 22.00